



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Ísafjörður, 9. janúar 2019  
2018100024

## Efni: Sérreglur vegna Byggðakvóta 2018/2019

Það tilkynnist hér með að Ísafjarðarbær óskar eftir að sérreglur Ísafjarðarbæjar verði óbreyttar frá síðasta fiskveiðiarí.

Á 424. fundi bæjarstjórnar var samþykkt tillaga frá 1034. fundi bæjarráðs sem kvað á um að lagt yrði til við ráðuneytið að sérreglur yrðu óbreyttar frá síðasta fiskveiði ári. Bókun frá fundi bæjarstjórnar var svohljóðandi:

„Tillaga 1034. fundar bæjarráðs frá 15. október sl., um að sérreglur fyrir Ísafjarðarbæ vegna byggðakvóta 2018-2019 verði óbreyttar frá fyrra ári.

*Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Kristján Andri Guðjónsson og Arna Lára Jónsdóttir.*

*Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.*


*Tillagan samþykkt 9-0.“*

Tillagan bæjarstjórnar er því sú að reglugerð nr. 685/2018 gildi um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, Hnífsdals, Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyrar með eftirfarandi viðauka/breytingu:

- a) Ákvæði a-liðar 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
- b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2018.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess afla-marks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiárinu 2018/2019, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem

hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

- d) Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- e) Ákvæði 1. málslíðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

Virðingarfyllst,  
  
\_\_\_\_\_  
Þórdís Sif Sigurðardóttir  
bæjarritari